Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík 22.02.2022 (HS)
Uppfært eftir grenndarkynningu 17.06.2022

**Tillaga að breytingu á skilmálum deiliskipulagsins „Reynisvatnsás, íbúðarhverfi, deiliskipulag", sem samþykkt var í skipulagsráði þann 19. september 2007 og í borgarstjórn þann 2. október 2007 og öðlaðist gildi 22. október 2007 með birtingu í Stjórnartíðindum. Höfundur eru Teiknistofa arkitekta, Gylfi Guðjónsson og félagar ehf.**

## Forsendur

Í gildandi deiliskipulagi er ekki fjallað sérstaklega um skorsteina heldur hámarkshæðir bygginga. Það er eðlilegt að líta svo á að skorsteinar séu hluti af byggingu og fari lítillega upp fyrir hámarkshæð húss.

## Breytingarlýsing

Í breytingunni felst heimild er gefin fyrir að skorsteinar og loftnet megi fara upp fyrir tilgreinda hámarkshæð húsa í deiliskipulaginu.

## Tillaga að breytingu

Við almenna skilmála deiliskipulagsins bætist eftirfarandi setning:

> **Á húsum á svæðinu er heimilt að gera skorsteina og loftnet og aðra byggingarhluti sem fara upp úr uppgefnum hámarkshæðum húsa um allt að 110 cm, enda sé vandað til hönnunar og séu ekki hærri en þarf til að þjóna vel sínu hlutverki og skerða ekki hagsmuni nágranna, breyta eða hafa áhrif á götumynd né fela í sér stækkun húss á nokkurn hátt.**

Ekki eru lagðar til aðrar breytingar á deiliskipulaginu.
Að öðru leiti gilda skilmálar gildandi deiliskipulags.

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr.

skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í umhverfis- og skipulagsráði

þann 29. júní 2022 og í borgarráði þann 7. júlí 2022.

Tillagan var auglýst frá 23. mars 2022 með athugasemdafresti til 11. maí 2022.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann ______ 20_

REYKJAVÍKURBORG SKIPULAGSFULLTRÚI

Björn Axelsson